

Frétt frá Icelandair Group:

Loftleiðir Icelandic, dótturfyrirtæki Icelandair Group, semur um flugvéla-leigu fyrir 125 milljónir dollara

Í dag var undirritaður samningur milli Loftleiða Icelandic, dótturfélags Icelandair Group, og Yakutia Air Company í sjálfstjórnarlýðveldinu Sakha í Síberíu í Rússlandi um leigu á þriðju Boeing 757-200 farþegaþotunni til félagsins. Þotan sem um ræðir kemur úr flota áætlunarflugfélagsins Icelandair en vegna versnandi efnahagsástands hefur félagið minnkað framboð. Icelandair hefur áfram yfirumsjón með viðhaldi þotanna í gegnum viðhaldsþjónustu sína, Icelandair Technical Services. Samningurinn er sá fjórði sem Loftleiðir Icelandic hefur undirritað á stuttum tíma um flugvéla-leigu við samstarfsaðila í fjórum heimsálfum. Heildarverðmæti þessara samninga nemur um 125 milljónum dollara. Um er að ræða leigu á samtals sex þotum, einni Boeing 767-300ER og fimm Boeing 757-200 þotum, og er lengd samninganna frá sex mánaðum til sex ára.

Sigþór Einarsson aðstoðarforstjóri Icelandair Group:

„Samningurinn við Yakutia sýnir þann sveigjanleika sem við búum yfir. Þegar samdráttur dregur úr þörf fyrir þotu hjá einu félaginu, í þessu tilfalli Icelandair, nær systurfélagið Loftleiðir Icelandic að koma henni í arðbært verkefni.

Það er mikill styrkur fyrir Icelandair Group að vera í viðskiptum við trausta aðila í öllum heimsálfum. Um 75% af tekjum samstæðunnar koma af alþjóðamarkaði, en 25% frá Íslandi. Verkefnastaðan í alþjóðlegri leiguflugstarfsemi fyrirtækja innan Icelandair Group er góð um þessar mundir og gjaldeyristekjugrunnur félagsins því traustur. Loftleiðir Icelandic er nú með sjö þotur í verkefnum og áætlanir eru um að bæta þeirri áttundu við snemma á næsta ári. Auk Loftleiða Icelandic eru í alþjóðlegu leiguflugum innan Icelandair Group flugfélögin SmartLynx í Lettlandi, Travel Service í Tékklandi, Bluebird Cargo á Íslandi.“

Guðni Hreinsson, framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic:

„Við núverandi markaðsaðstæður eykst eftirspurn bæði eftir svonefndri þurrleigu, þar sem flugvél og viðhald eru leigð út, og eftir blautleigu, þar sem flugvél, viðhald og áhafnir eru leigð út. Ástæða þess er að flugfélög þurfa að breyta samsetningu á flugflota sínum tímabundið og vilja ekki leggja út í stóra langtímafjárfestingu, einkum þar sem lánsfé til slíkra verkefna er af skornum skammti. Leiga á flugvélum ásamt tengdri þjónustu er því hagkvæmur kostur og þess njóta Loftleiðir Icelandic og Icelandair Group nú. Við búum einnig að því að þykja traustur og góður samstarfsaðili. Þetta er árangur sem byggir á þrotlausri vinnu og uppbyggingarstarfi liðinna ára.“

Auk samningsins sem undirritaður var í dag hafa Loftleiðir Icelandic gengið frá þremur nýjum leigusamningum um verkefni víða um heim að undanförunu. Eftirfarandi er yfirlit um alla fjóra samningana:

Aukin umsvif Lofleiða Icelandic og Icelandair Group í Rússlandi. Undirritaður hefur verið leigusamningur um þriðju Boeing 757-200 þotuna til Yakutia Air Company í sjálfstjórnarlýðveldinu Sakha í Síberíu. Flugvélin verður afhent í byrjun desember á þessu ári og stendur verkefnið til ársins 2013. Allar þrjár þoturnar eru leigðar með viðhaldi, sem Icelandair Technical Services hefur umsjón með. Ennfremur hafa samningar um tvær fyrri þoturnar verið framlengdir til 2012 og 2014.

Samningur um breiðþotu á Evrópumarkað. Eins og fram hefur komið mun Boeing 767-300ER breiðþota Loftleiða Icelandic hefja flug fyrir flugfélagið Travel Service, dótturfélag Icelandair Group, frá ýmsum borgum Skandinavíu og Prag í Tékklandi til Thailands og eyja í Karabíska hafinu um miðjan nóvember. Verkefnið er mannað með íslenskum flugmönnum og stendur fram til vors 2009.

Framhald í Suður-Ameríku. Einn traustasti samstarfsaðili Loftleiða Icelandic undanfarin ár hefur verið flugfélagið Santa Barbara Airlines í Venesúela. Loftleiðir og Santa Barbara Airlines hafa undirritað samning um framlengingu á núgildandi samningi um rekstur Boeing 757-200 þotu, með íslenskum flugmönnum og viðhaldi. Einkum mun flogið frá Caracas í Venezuela til áfangastaða í Bandaríkjunum og Evrópu og stendur þessi samningur til vors 2009.

Kraftmikill rekstur í Eyjaálfu. Loftleiðir Icelandic hafa undirritað nýjan samning við Air Niugini í Papua Nýju Gíneu um leigu á einni Boeing 757-200 þotu ásamt viðhaldi til þriggja ára, eða fram til ársins 2012. Þessi samningur kemur í kjölfar samstarfs fyrirtækjanna undanfarið ár, en Air Niugini hefur leigt tvær þotur af Loftleiðum og hafa þær að hluta verið mannaðar af íslenskum flugmönnum.

Nánari upplýsingar veita:

Sigþór Einarsson; Aðstoðarforstjóri Icelandair Group sími:897-8363
Guðni Hreinsson; Framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic sími:840-7004

News from Icelandair Group

Loftleidir Icelandic, a subsidiary of Icelandair Group, signs contracts worth 125 million USD

Today, Loftleidir Icelandic, a subsidiary of Icelandair Group, and Yakutia Air Company in the Republic of Sakha in Siberia signed a contract for the lease of a third Boeing 757-200 aircraft. The aircraft was formerly used within the Icelandair route network, but due to worsening economic circumstances Icelandair has shrunk its capacity. Icelandair will continue to provide maintenance service for the aircraft, supervised by Icelandair Technical Services. This is the fourth contract signed by Loftleidir Icelandic in a short period of time for the lease of aircraft to partners in four continents. The total value of these contracts is 125 million USD, and include leasing of six aircraft, one Boeing 767-300ER and five Boeing 757-200. The shortest contract has a duration of six months, and the longest is for a term of six years.

Sigþór Einarsson Deputy CEO of Icelandair Group

“The contract with Yakutia Air Company demonstrates the flexibility of Icelandair Group. When one of our companies, here Icelandair, faces demand changes, we are able to put that capacity to profitable use elsewhere in the group..

It is a great strength for Icelandair Group to have reliable business partners from different parts of the world. About 75% of our revenue comes from foreign markets, while 25% stem from the Icelandic economy. The contract backlog of Icelandair Group in the international aircraft charter and leasing markets is excellent, securing important revenue sources for the group. Loftleidir Icelandic currently has contracts for seven aircraft in various projects and has plans to add another aircraft early next year. In addition to Loftleidir Icelandic, four other Icelandair Group companies are active in the international charter and leasing markets, SmartLynx in Latvia, Travel Service in the Czech Republic, Bluebird Cargo in Iceland and Icelease.”

Guðni Hreinsson Managing Director Loftleidir Icelandic

“Under the current market conditions we are seeing increased demand for both dry and wet lease. Under dry lease terms we offer aircraft and maintenance together, and under wet lease terms we offer aircraft, crew, maintenance and insurance in a package. Airlines see the advantages of these options when they need to alter their fleet composition temporarily but are unwilling to expose themselves to long-term commitments; this is especially evident when access to capital is limited. Leasing aircraft with services attached is therefore a feasible option, and Loftleidir Icelandic and Icelandair Group benefit from this trend. We are also happy to see that our determined efforts and hard work on building business relationships over the past years seems to have earned us a reputation where we are regarded as a trustworthy and reliable partner for the longer term.”

Summary of four contracts signed by Loftleidir Icelandic in recent weeks:

Increased presence of Loftleidir Icelandic and Icelandair Group in Russia. A lease for the third aircraft to Yakutia Air Company in north-eastern Siberia has been signed. The aircraft will be delivered in December this year and will remain on lease until 2013. This is the third aircraft leased by Loftleidir to Yakutia and Icelandair Technical Services will supervise all technical work relating to the aircraft. Two of the existing contracts have been extended until 2012 and 2014.

Contract for a widebody aircraft in Europe. In November, a Boeing 767-300ER aircraft from Loftleidir will commence operations for Travel Service, an Icelandair Group subsidiary, from various cities in Scandinavia and Prague in the Czech Republic to Thailand and the Caribbean Islands. The contract is effective until spring 2009.

Continuing work in Latin America. One of Loftleidir Icelandic's long-standing partners is Santa Barbara Airlines in Venezuela. Last week, Loftleidir and Santa Barbara Airlines signed an extension of a contract for one Boeing 757-200 aircraft, with Icelandair pilots and maintenance. The aircraft will fly primarily on routes from Caracas to Europe and the United States. The contract has been extended until spring 2009.

Robust business in Oceania. Loftleidir Icelandic has signed a new contract with Air Niugini in Papua New Guinea for one Boeing 757-200 aircraft with maintenance services included. The contract term is effective until 2012. This contract comes after one year of co-operation between the two companies. Air Niugini have leased two aircraft that have partially been manned with Icelandic pilots.